



# Sjónlist - SJL 1D02

## Litafræði

Námsáætlun, haustönn 2020

**Kennarar:**

Birgir Örn Thoroddsen og  
Ingibjörg Friðriksdóttir.

**Netfang/netföng:**

[curver@bhs.is](mailto:curver@bhs.is) og [if@bhs.is](mailto:if@bhs.is)

**Lýsing**

Í áfanganum rannsaka nemendur einkum efnisblöndun lita: blöndun annarsstigs- og þriðjastigs lita með frumlitunum þremur. Gerðar eru æfingar með ýmiss konar andstæður lita, svo sem andstæðuliti, fyllingarliti, ljósa og dökka, heita og kalda. Lögð er áhersla á að nemendur kanni og geri tilraunir með sálræn áhrif lita, svo sem í myndlist, hönnun, kvikmyndum og leiklist og hvernig þeir geta nýtt sér þekkingu sína og þjálfun á ólíkum sviðum lista og hönnunar.

**Hæfni**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- blanda liti með efnisblöndun á markvissan hátt.
- vinna markvisst með liti og form við gerð eigin myndverka.
- greina notkun og áhrif lita í myndlist, kvikmyndun og leiklist.
- miðla sértækri merkingu með þekkingu sinni í lita- og formfræði.

**Námsmat:**

|                    |      |
|--------------------|------|
| Verkefni:          | 80%  |
| Skissubók:         | 10%  |
| Virkni og ástundun | 10%  |
| Samtals:           | 100% |

**Námsgögn:** Nemendur þurfa að eiga og koma með skissubók og verkfæri til að skissa.

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

**Skólasókn:** Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Gerð er lágmarkskrafa um 90% skólasókn í áfanganum.

**Seinkomur og fjarvistir:** Komi nemandi of seint í kennslustund er skráð seinkoma. Tvær seinkomur jafngilda einni fjarvist. Ef liðnar eru meira en 10 mínútur af kennslustund er skráð fjarvist.

**Farsímar:** Ekki er leyfilegt að nota eða hafa farsíma uppi við í kennslustundum.

**Neysla matar** í kennslustofunni er óheimil en leyfilegt er að vera með vatn í lokuðum ílátum.

**Verkefnaskil:** Mikilvægt er að skila verkefnum á réttum tíma. Dregin er frá einn heill ef verkefni er ekki skilað á réttum tíma og tveir heilir ef verkefnaskil eru ekki innan tveggja virkra daga frá skiladegi.



| Vika | Dags.                  | Námsþættir                  | Námsmats-<br>þættir        |
|------|------------------------|-----------------------------|----------------------------|
| 1    | 18.-20.<br>ágúst       | Kynning á áfanganum         |                            |
| 2    | 23.-27.<br>ágúst       | Litablöndunar tilraunir.    |                            |
| 3    | 30. ágúst-<br>3. sept. | 12 lita hringurinn.         |                            |
| 4    | 6.-10.<br>sept.        |                             | Nýnemahátíð                |
| 5    | 13.-17.<br>sept.       | Litatónar.                  |                            |
| 6    | 20.-24.<br>sept.       |                             |                            |
| 7    | 27. sept.-<br>1. okt.  | Litatónar gerðir í tölvu    | Varða I                    |
| 8    | 4. okt.-<br>8. okt.    | Heitir litir                | Heilsudagur                |
| 9    | 11. okt.-<br>15. okt.  | Kaldir litir                |                            |
| 10   | 18. - 21.<br>okt.      | Andstæðir litir             | Haustré                    |
| 11   | 26. - 29.<br>okt.      | Litasamsetning í Kvikmyndum | Haustré                    |
| 12   | 1.-5. nóv.             |                             | Varða II                   |
| 13   | 8.-12. nóv.            | Frágangur á möppu.          |                            |
| 14   | 15.-19.<br>nóv.        |                             |                            |
| 15   | 22.-26.<br>nóv.        |                             |                            |
| 16   | 29. nóv -<br>3. des.   |                             |                            |
| 17   | 6.-10. des.            |                             |                            |
| 18   | 13.-17.<br>Des.        |                             | Kennslu lýkur<br>Varða III |

*Tímaáæun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*

Vegna kórónuveirufaraldursins og þeirrar óvissu sem fylgir í kjölfarið áskilur kennari sér rétt til að breyta fyrirhugaðri námsáætlun og/eða kennslufyrirkomulagi með litlum fyrirvara í samráði við nemendur.